



Fréttatilkynning

09 February 2021 19:30:00 GMT

Arion banki: Kaupréttaráætlun starfsfólks

Á aðalfundi Arion banka hf. þann 17. mars 2020 var stjórn bankans veitt heimild til að samþykkja kaupréttaráætlun byggða á 10. gr. laga nr. 90/2003, og gera kaupréttarsamninga við starfsfólk bankans um kaup á hlutum í bankanum. Nú hefur verið gengið frá kaupréttarsamningum við starfsfólk í samræmi við samþykktu kaupréttaráætlun. Kaupréttur samkvæmt áætluninni nær til allra fastráðinna starfsmanna bankans og er markmið áætlunarinnar að samþætta hagsmuni starfsfólks við langtímahagsmuni bankans.

Samkvæmt áætluninni öðlast hver kaupréttarhafi rétt til að kaupa hluti í Arion banka fyrir að hámarki 600.000 krónur einu sinni á ári í fimm ár, fyrst í febrúar 2022 og síðast í febrúar 2026. Kaupverð hluta er vegið meðalverð í viðskiptum með hlutabréf félagsins tíu viðskiptadaga fyrir samningsdag, sem er 3. febrúar 2021, eða 95,5 krónur hver hlutur.

Alls gerðu 628 starfsmenn kaupréttarsamning sem ná til allt að 3.945.550 hluta á ári miðað við 100% nýtingu kaupréttu.

Kaupréttaráætlun þessi var staðfest af ríkisskattstjóra 15. desember 2020 og er í samræmi við 10. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt.

Kaupréttaráætlun Arion banka hf. er meðfylgjandi.

Vinsamlegast beinið fyrirspurnum til:

Theodórs Friðbertssonar, forstöðumanns fjárfestatengsla Arion banka, ir@arionbanki.is, s. 856 6760 eða Haraldar Guðna Eiðssonar, forstöðumanns samskiptasviðs, haraldur.eidsson@arionbanki.is, s. 856 7108.

Viðhengi

[Arion banki: Kaupréttaráætlun starfsfólks
2020 12 21 Samþykkt Kaupréttarkerfi](#)